

Sent í samráðsgátt

Reykjavík, 16. ágúst 2023

Innviðaráðuneytið
Skrifstofa húsnæðis- og skipulagsmála

Efni: Umsögn BÍ um grænbók um skipulagsmál, mál nr. 145/2023.

Bændasamtök Íslands fagna grænbók þessari og vilja undirstrika mikilvægi rétttrar flokkunar lands, þá sérstaklega m.t.t. landbúnaðarlands og verndunar góðs ræktunarlands. Líkt og segir í stefnumörkun BÍ er það eitt af markmiðum BÍ að jarðalög verði endurskoðuð með það að markmiði að tryggja framboð af jörðum sem henta til ræktunar og landbúnaðartengdrar starfsemi. Nægt framboð landbúnaðarlands er einnig forsenda nýliðunar og eðlilegrar þróunar í landbúnaði.

Vilja samtökin einnig vísa í Landbúnaðarstefnu til ársins 2040 sem nýverið var samþykkt á Alþingi en þar segir: *Meginmarkmið landbúnaðarstefnunnar verði að efla og styðja íslenskan landbúnað og styrkja stöðir hans til framtíðar með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.*

Þar segir einnig: *Við setningu löggjafar á sviði skipulags og jarðamála ber að taka mið af landbúnaðarstefnu. Landnotkun utan þéttbýlis feli í sér vernd góðs landbúnaðarlands og forgang bívöruframleiðslu á góðu ræktunarlandi.*

Í núgildandi þjóðaröryggisstefnu Íslands, samþykkt á Alþingi 13. apríl 2016 með breytingum 28. febrúar 2023, segir: *stuðlað verði að vernd og órofa virkni mikilvægra innviða og styrkingu áfallapóls samfélagsins gagnvart hvers kyns ógnum. Lögð verði áhersla á að tryggja skilvirkan og samhæfðan viðbúnað og viðbrögð til þess að takast á við afleiðingar hvers kyns ógna við líf og heilsu fólks, umhverfi, eignir og innviði. Tekið verði mið af ógnum sem tengjast loftslagsbreytingum, náttúruhamförum, fæðu- og matvælaöryggi, heilbrigðisöryggi og farsóttum.*

Ljóst er að verndun góðs ræktunarlands stuðlar að fæðuöryggi og samræmist t.a.m. markmiðum íslenska ríkisins í loftslagsaðgerðum í landbúnaði um aukna innlenda grænmetisframleiðslu. Hlutfallsleg landnýting Íslands er með því lægsta sem þekkist en einungis um 20% ræktanlegs lands er nýtt í dag. Skipulagsmál eru þannig lykilþáttur í því að stuðla að aukinni innlendri framleiðslu.

Að því sögðu eru fulltrúar Bændasamtakanna reiðubúnir til frekara samráðs og samtals um þau atriði sem fram koma í umsögn þessari.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands

Hilmar Vilberg Gylfason, yfirlögfræðingur